

SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR

Undarleg ósköp

*Um pólitíska atlögu Þórbergs Þórðarsonar
að Hannesi Péturssyni í kvæðaformi*

EITT af því sem hlýtur að vekja furðu þegar rýnt er í höfundarverk Þórbergs Þórðarsonar er sú staðreynd að þessi byltingarmaður á sviði íslenskra lausamálsbókmennta gat engan veginn tengt sig við nýjungar á sviði bundins máls. Gildir það hvort tveggja sé litið til fyrstu áratuga tuttugustu aldar, þegar hann fæst sjálfur við ljóðagerð, sem og þegar horft er til árána upp úr miðri öld þegar hann hafði að mestu gefið ljóðasmíð upp á bátinn en yngri skáld voru í óða önn að umbylta ljóðforminu. Hvernig má það vera að höfundur sem skapar nýtt „ritform“, eins og hann sjálfur komst að orði (Þórbergur Þórðarson 2010: 100–101), á sviði frásagnarbókmennta skuli alla tíð hafa verið fulltrúi afar íhaldssamra viðhorfa í ljóðagerð?

Rétt er að taka fram að hér er fyrst og fremst horft til ljóðformsins. Þórbergur var á móti formbyltingu í ljóðagerð og skrifaði gegn henni um miðjan sjötta áratuginn í grein sem öðrum þræði er andsvar við frægri grein Sigfúsar Daðasonar, „Til varnar skáldskapnum“, þótt fært sé í búning afmælisbréfs til Ragnars í Smára (Þórbergur Þórðarson 1954). Sjálfur skrifar Þórbergur (1928: 132–133) á einum stað: „Ég var nýstárlegt nútíðarskáld. Futuristi, ekspressionisti, surrelisti og einnig dálítið klassiskur — allt þetta var ég“. Undir orð hans hafa ýmsir tekið og viljað bendla ljóðagerð Þórbergs á öðrum áratug tuttugustu aldar við framúrstefnu (Alexander Jóhannesson 120: 41–46; Eysteinn Þorvaldsson 1980: 47–49; Finnur N. Karlsson 1991: 18–25).¹ Slíkt er afar hæpið því þótt Þórbergur bregði á leik með uppreisnargjörunum hætti hvað varðar yrkisefni

1 Sjá nánari umræðu um Þórberg og framúrstefnu: Benedikt Hjartarson 2005 og 2010; Soffía Auður Birgisdóttir 2015: 194–201.

nær sú uppreisn aldrei til formsins; ljóð hans og kvæði fylgja viðurkenndum bragarháttum og hlíta reglum um stuðla, höfuðstafi, hrynjandi og rím.

Hér á eftir verður fjallað lauslega um ljóðagerð Þórbergs en henni hef ég gert ítarlegri skil annars staðar (Soffía Auður Birgisdóttir 2015: 163–200). Meginviðfangsefnið hér er hins vegar síðasta kverið sem Þórbergur sendi frá sér á sviði ljóðagerðar, en það hafði að geyma ljóðabálkinn *Marsinn til Kremll* og kom út árið 1962. Fáir þekkja til þessa ljóðabálks í dag enda er honum lítt á lofti haldið og telja margir að hann hefði betur aldrei verið ortur — og á það jafnt við um aðdáendur skrifa Þórbergs og aðra sem til þekkja.

Ljóð- og skopkvæðaskáldið Þórbergur Þórðarson

Þegar Þórbergur stígur inn á svið íslenskra bókmennta sem skáld á öðrum áratug tuttugustu aldar er staða „þjóðskáldanna“ sterk en nýrra strauma er farið að gæta og ljóðskáld af yngri kynslóð leitast við að endurnýja formið. Slíkra tilrauna gætir ekki hjá Þórbergi í fyrstu tveimur kvæðunum sem hann birti í blöðum; þau sverja sig ótvírætt í ætt við kvæði skálda sem hann leit mjög upp til, Þorsteins Erlingssonar og Einars Benediktssonar.² Þessi tvö skáld hafði Þórbergur í miklum metum á fyrstu áratugum aldarinnar en af eldri skáldum dáði hann sérstaklega Jónas Hallgrímsson, fyrir „sín lipru og hjartnæmu stemmningarkvæði“, og Grím Thomsen, fyrir „hina hljómdjúpu og viljasterku skuggasöngva sína“ (Þórbergur Þórðarson 1917). Ljóst er að á öðrum áratug aldarinnar stóð metnaður Þórbergs til þess að skapa sér nafn sem ljóðskáld þótt hann þrætti fyrir það síðar á ævinni.³ Hann hafði afburðaðþekkingu á íslenski

2 Þess má geta að á sama tíma fæst Þórbergur við að skrifa ýmiskonar lausamálstexta í handskrifuð tímarit Ungmennafélags Reykjavíkur og einnig fæst hann við þýðingar. Á árabílinu 1915–1919 birtust þýðingar hans á þremur smásögum eftir Edgar Allan Poe og einni sögu eftir Arthur Conan Doyle.

3 Sjá t.a.m. „Inngangsorð“ að *Hvítum bröfnum* 1922 (endurbirt í annari útgáfu *Eddu Þórbergs Þórðarsonar* 1975) og kaflana „Fyrsta endurfæðing mín“ og „Ljóðagerð“ í *Meistarar og lærisveinar* 2010.

ljóðahefð og kunni ógrynni kvæða utanbókar. Það var arfur sem hann hafði með sér að heiman þegar hann yfirgaf Suðursveit vorið 1906, og á fyrstu áratugum aldarinnar hélt hann áfram að rækta þann arf, ekki síst í félagsskap ungra menntaskólapilta og félaga í Ungmennafélagi Reykjavíkur. Innan UMFR starfaði félagsskapur, svokallað málfundafélag, sem kenndi sig við skáldguðinn Braga og hélt reglulega fundi þar sem gamall og nýr kveðskapur var brotinn til mergjar. Á þeim fundum var Þórbergur atkvæðamikill, flutti fyrirlestra og gagnrýndi kveðskap félaga sinna, auk þess sem hann birti greinar og gagnrýni í hinum handskrifuðu tímaritum UMFR, *Skinfaxa* og *Braga*.

Fyrstu kvæði sín birti Þórbergur í dagblöðum; 19. október 1911 birtist kvæðið „Arfurinn“ í *Vísi* og rúmu hálfu ári síðar, 29. maí 1912, birtist svo kvæðið „Nótt“, sem frægt er af *Íslenzkum aðli*, á forsiðu *Ísafoldar*. Það „þótti enginn smáræðis uppsláttur fyrir höfundinn,“ skrifar Þórbergur, enda fannst ungum skáldaspírum í Reykjavík kvæðið „svo ískyggilegur bókmenntaviðburður, að þeir [skutu] á formlegum fundi til þess að brjóta það til mergjar og ræða framtíðarmöguleika þessa óboðna höfundar“ (Þórbergur Þórðarson 1938: 8). Skemmtilegt hefði verið að eiga fundargerð frá þeim fundi þar sem meðal annarra var staddur Stefán Sigurðsson frá Hvítadal sem Þórbergur kynntist nokkrum vikum síðar á Siglufirði. Sérlega fróðlegt hefði verið að fregna hvað fundarmönnum sýndist um „framtíðarmöguleika þessa óboðna höfundar“ og hvort Stefán frá Hvítadal hafi þar verið sama sinnis og þegar þeir Þórbergur tókust á fullir á hestbaki og svívirtu skáldskap hvor annars af miklu kappi, eins og einnig segir af í *Íslenzkum aðli*. Stefán sakar þar Þórberg um að vera leirbullara og ritþjóf sem hafi stolið hugmynd að myndmáli frá Bjarna frá Vogu, en Þórbergur bregst hart við og segir skáldskap Stefáns ekki vera „annað en lipurleg orðafróða og vesældarlegur bölsýnisvæll, sem [hann hafi tuggið] upp eftir Kristjáni Jónssyni“ (Þórbergur Þórðarson 1938: 210–211). Orðaskakið stigmagnast og endar í handalögmálum þar sem þeir félagarnir slást „upp á óflekkaðan heiður skáldlegrar andagiftar“ (Þórbergur Þórðarson 1938: 213).

Þótt hin móðgandi umsögn Þórbergs um skáldskap Stefáns sem

lipurlega orðafroðu og bölsýnisvæl sé sett fram sem skop í fjörlegri skáldævisögulegri frásögn, þar sem ekki þarf að efast um að mjög sé fært í stílinn, endurómar lýsingin ýmis þau orð sem Þórbergur lét falla um íslenska ljóðagerð á fyrstu áratugum tuttugustu aldar sem kennd hefur verið við nýrómantík. Þórbergur gat ekki tengt sig við þessa stefnu fremur en hinn ungi vinur hans á þessum árum, Halldór Laxness. Að mati Þórbergs (1975: 40) einkenndist íslensk ljóðagerð þessa tíma af velgjulegu inpótentu tilgerðarjarmi sem orsakaði hjá honum „króniskan nábit og viðbjóð“. Halldór Laxness (1955: 19–20) talaði síðar um „grátljóð“ og „raunarollur“. Báðir fengust þeir félagar við skopstælingar í formi ljóða. Skopstælingin og paródían verður leið Þórbergs út úr þeim ógöngum sem hann taldi að íslensk ljóðagerð væri komin í á þessum tíma en því má halda fram að hér hafi fyrst og fremst verið um hans eigin ógöngur að ræða. Leið Þórbergs endar í blindgötu; hann virðist ekki hafa séð aðrar leiðir betri til endurnýjunar á íslenskri ljóðahefð. Þó skal ekki framhjá því litið að ýmsir samtímamanna Þórbergs töldu að skopkvæðagerð hans hefði haft markverð áhrif á önnur skáld. Helgi Sæmundsson (1959: 5) telur nýja skáldakynslóð hafa lært „af Þórbergi að höggva af sér gamla fjötra og velja efni og ljódstíl fremur með framtíð í huga en til þjónustu við fortíðina“ og Halldór Laxness (1949: 5) telur til kosta að kvæði Þórbergs hafi borið „í sér þá upplausnartilfinningu sem er mikið einkenni í mentum vestrænna landa á vorum tíma, einkum hjá þeim listamönnum sem nægilega eru kunnir hinu besta í hverri grein til þess að vita að hátindi hefur verið náð og verkefni framtíðarinnar liggja annarsstaðar“.

Þórbergur gerði sér vafalaust grein fyrir því að fyrstu ljóðin sem hann birti væru lítið annað en endurómur af kvæðum Þorsteins Erlingssonar og Einars Benediktssonar og þegar hann sendir frá sér kvæðakverin *Hálfa skósóla* (1915) og *Spaks manns spjarir* (1917) hefur hann skipt um stefnu. Í stað „alvarlegs“ yrkisefnis með hátimbruðu myndmáli, líkt og einkenndi „Arfinn“ og „Nótt“, er eins og fyrr segir komin skopstæling; sprell og paródía. Skopið kemur strax fram í titlum og undirtitlum kvæðakveranna: *Hálfir skósólar. Söngvar og kvæði um mannlega náttúru* og *Spaks manns spjarir. Lyrisk lofnar-kvæði og heimspekilegar hugraunir*. Árið 1922 gaf

Þórbergur síðan út bókina *Hvíta brafna* þar sem tekin voru saman fyrri kvæðakverin, auk nýrra ljóða. Titillinn sjálfur ber vott um paródíu en hann er útrúsnúningur á heiti vinsælustu ljóðabókar þeirra tíma, *Svörtum fjöðrum* Davíðs Stefánssonar, sem komið hafði út þremur árum áður og valdið Þórbergi „margra ára óléttuklígju“ að hans eigin sögn (Þórbergur Þórðarson 2010: 26). Sem fyrr er skopstælingin helsta einkennið á kvæðum Þórbergs en þó hafa hér fleiri tónar bæst við því að í *Hvítum bröfnum* má einnig finna ljóðrænar perlur um ást, missi og mannlega tilvist. Tæpum tuttugu árum síðar, árið 1941, gefur Þórbergur síðan út *Eddu Þórbergs Þórðarsonar* þar sem enn er safnað saman fyrri kvæðum og nokkrum nýjum ljóðum bætt við og skemmtilegar en misáreiðanlegar frásagnir af tilurð hvers einasta kvæðis fylgja. Þegar hér var komið hafði Þórbergur svo að segja gefið ljóðagerð upp á bátinn, ef undan eru skildar stökur sem hann yrkir við ýmis tækifæri, en fæst við að endurnýja íslenskar frásagnarbókmenntir af snilld þar sem svo til hver bók sem hann sendir frá sér telst til tíðinda í íslenskri bókmenntasögu. Hann getur þó ekki á sér setið að birta fáeinar skopstælingar á „atómkveðskap“ á sjötta áratugnum⁴ og árið 1962 gefur hann út kverið *Marsinn til Kreml*, að gefnu tilefni. Hinar nýju paródíur Þórbergs, sem og ljóðabálkurinn *Marsinn til Kreml*, voru birtar í formi viðauka við aðra útgáfu *Eddu Þórbergs Þórðarsonar*, í ritsafni hans hjá Máli og menningu árið 1975.

Marsinn til Kreml

Marsinn til Kreml er líklega, eins og áður sagði, flestum gleymdur. Aðdáendur Þórbergs hafa ekki haft hátt um tilvist kvæðisins og líklega þykir það höfundinum lítt til sóma. Til að mynda skrifar Sigurður Þór Guðjónsson (1969) að kvæðið sé „líklega það lélegasta, sem Þórbergur hefur skrifað“. Bálkurinn yrkir Þórbergur beinlínis til höfuðs skáldinu Hannesi Péturssyni. Hann er viðbragð Þórbergs

4 Hér er um að ræða kvæðin: „Mislukkað atómljóð“ (1951), „Vaddúddi“ (1952) og „Inspírásjón“ (1955).

við tveimur ljóða Hannesar sem birtust í ljóðabókinni *Í sumar-dölum* sem kom út árið 1959, þegar Hannes var 27 ára gamall. Hér er annars vegar um að ræða ljóðið „Kreml“⁵ og hins vegar áttunda hluta ljóðabálksins „Söngvar til jarðarinnar“ sem hefst á orðunum: „Undarleg ó-sköp að deyjja“. Ljóðið „Kreml“ fjallar um skipbrot byltingarinnar í Rússlandi en í áttunda hluta „Söngva til jarðarinnar“ er því afdráttarlaust hafnað að líf sé eftir dauðann.

Eins og kunnugt er voru bæði þessi málefni Þórbergi afar hjartfólgin; hann virðist hafa trúað á rússnesku byltinguna fram í rauðan dauðann (ef ekki lengur) og jafnframt hvikaði hann hvergi í þeirri afstöðu sinni að annað líf tæki við að lokinni þessari jarðvist. Í „Bréfi til Kristins“, sem Þórbergur ritar sem inngang að fjórðu útgáfu *Bréfs til Láru*, segist hann hafa gengið „í ljósi tveggja mikilla opinberana“ á ritunartíma Bréfsins: „Önnur var svo nefnd andleg mál, hin byltingin í Rússlandi“ (Þórbergur Þórðarson 1950: 221). Hin andlegu mál voru „guðspeki, yogaheimspeki og spíritismi“ og Þórbergur nefnir fimm meginþætti sem hann telur aðalatriðin í kenningum þeirra: „1) þróunarkenningin í megindráttum, 2) persónulegt líf eftir líkamsdauðann, 3) hringrás þróunarinnar, þar í endurholdgun, 4) lögmál orsaka og afleiðinga, þar í karmakenningin, 5) einingarkenningin, þar í fólgið bræðralag mannkynsins“ (Þórbergur Þórðarson 1950: 222). Um þessi atriði segist Þórbergur vera „jafnsannfærður“ þegar hann skrifar „Bréf til Kristins“ árið 1950 og hann var þegar hann ritaði *Bréf til Láru* árið 1924 og þrjátíu og fimm árum síðar, þegar ljóðabók Hannesar kemur út 1959, er hann enn ofurviðkvæmur fyrir gagnrýni á þessi málefni. Auðsýnt er að afstaðan sem fram kemur í fyrrnefndum kvæðum Hannesar hefur hleypt svo illu blóði í Þórberg að hann finnur sig knúinn til að bregðast við. Það gerir hann með því að yrkja bálk í sjö hlutum, að nokkru leyti í frjálssu formi þótt líka sé ort bundið, líkt og í kvæðum Hannesar.

Marsinum til Kreml fylgja hvoru tveggja inngangsorð og skýringar sem miða að því að útskýra nánar fyrir lesendum efni kvæðis-

5 Í *Kvæðasafni 1951–1976*, sem kom út hjá Iðunni 1977, er ártali bætt við titil kvæðisins — „Kreml, 1956“ og vísar árið til innrásar Kremlverja í Ungverjaland. Í fyrstu útgáfu *Í sumardölum*, sem kom út hjá Almenna bókafélaginu 1959, er ekkert ártal í titlinum. Hér er stuðst við frumbirtingu kvæðisins.

ins. Í inngangi fer höfundur yfir efni bálksins í lausu máli og skýringarnar eru til dæmis fólgnar í fræðslu um ýmislegt sem viðkemur lífi eftir dauðann — „Svo herma ótal vitnisburðir“ (Þórbergur Þórðarson 1962: 24) — en gefa Þórbergi einnig færi á að skjóta örvum sínum að „nýtízkuskáldskap“. Þótt þessi bálkur auki vart hróður Þórbergs sem skálds má ekki líta framhjá því sem við blasir þegar kvæðið er lesið, að hér ræður skopið för sem svo oft áður — þótt skáldið sem skopinu er beint að hafi reyndar fullyrst að „húmorslaust [væri] þetta kvæði með öllu“ („Draugatrú og kommúnismi“ 1962: 2). Þórbergur segir í inngangsorðum að fyrsta uppkast kvæðisins hafi verið „ort í atómstíl“ en seinna hafi honum skilist „að hann gæti gefið [kvæðinu] meiri reisn með því að baslast við gamla formið. Stuðlasetning og fleira ber þó með sér nokkur upplausnartákn vorra tíma. Höfundurinn er því ekki með öllu ótízkulegur“ (Þórbergur Þórðarson 1962: 7).

Kvæði Hannesar „Kreml“, sem Þórbergur kallar „óheiðarlegt niðkvæði“ (Þórbergur Þórðarson 1962: 5), er byggt á myndlíkingu þar sem byltingin í Rússlandi er myndgerð sem skip í hafvillum:

Kreml

Svo þetta mun skipið sem ætlar að sigla til álfu
akranna þar sem drýpur hunang og smjör.
1917 það sigldi frá vör
við sönglist og blaktandi fána,
en villtist.

Og nú á dökkum, daunillum mar
drafnar það niður eftir að vindarnir hættu
að þenja fram seglin. Og fuglarnir löngu farnir
sem fylgdu því spölkorn á leið. Á skipsins för
ber ekki lengur birtu frá sól eða mána.

Og þeir sem leita að álfu hunangsins eigna
um ónýtan farkost, vaxnir langri skör
rjála við hnífinn, horfa lymskir á grannann
því hungrið er stöðugt og sárt: þeir éta hver annan.

Hér er ort um skipbrot byltingarinnar 1917 sem fjölmargir bundu háleitar vonir við, líkt og Þórbergur. Tilefni kvæðisins mun vera innrás Sovétmanna í Ungverjaland 1956 og samkvæmt Nirði P. Njarðvík (1998: xiv–xv) var kvæðinu „illa tekið af sovétvinum, en aðrir fögnuðu því að sama skapi“. Njörður telur að hin hörðu viðbrögð Sovétvinanna hafi að einhverju leyti orsakast af því að í kvæðinu sem fylgdi næst á eftir í bókinni, „Líkbrennslustöðin í Dachau“, líkir skáldið útrýmingarbúðum nasista við „„hungurmyrt dýr“, sem fær ekki lengur fórnarlömb sín til átu“. Njörður (1998: xv) getur sér þess til að mörgum hafi fundist sem „Hannes væri að leggja að jöfnu stefnu Sovétmanna og nasista“ með því að nota myndmál mannáts í báðum kvæðunum. Ekki er ólíklegt að einmitt þetta atriði hafi reitt Þórberg sérstaklega til reiði þar sem hann var eindreginn andstæðingur nasismans. Minna má á að árið 1934 skrifaði hann greinaflokk í *Alþýðublaðið* undir heitinu „Kvalþorsti nazista“ og fékk í október sama ár á sig sektardóm fyrir að „smána erlenda þjóð“ með þeim skrifum.⁶

Hitt kvæði Hannesar sem Þórbergur bregst við í *Marsinum til Kremli* er eftirfarandi hluti „Söngva til jarðarinnar“.⁷

VIII

Undarleg ó-sköp að deyja:
hafna í holum stokki,
hendur niður með síðum,
hendur sem hreyfðu lokki,
hvarm struku, flettu bókum,
svaladrykk báru frá brunni,
brauð, vín, hunang að munni.

6 Greinaflokkurinn birtist í fimm hlutum á tímabilinu 6. janúar til 3. febrúar 1934 í „Lesbók alþýðu“ sem var þáttur sem Þórbergur sá um í laugardagsútgáfu *Alþýðublaðsins* á þessum tíma. Sjá einnig: „Hæstiréttur metur mannorð Hitlers á 200 krónur“ (*Alþýðublaðið* 31. október 1934) og samantekt: „Æra Hitlers metin á 200 krónur“ (*Alþýðublaðið* 1. ágúst 1997).

7 Hér er enn stuðst við frumútgáfuna en í *Kvæðasafni 1951–1976* er greinamerkjasetning með öðru sniði en hér, t.a.m. mun færri kommur í lok hendinga.

Undarleg ó-sköp að deyja:
 liggja með luktar nasir,
 liggja með samfallnar nasir,
 sem færðu mér ávaxtaangan,
 ilm af blómum og sjó,
 ilm hörunds og heyja.

Undarleg ó-sköp að deyja:
 liggja með ónýt augu,
 ónýta spegla lífsins;
 una við ormsmognar hlustir
 sem áður fyrr lauguðust
 þrumunnar þunga gný,
 þýðum hlátri frá börnum.

Undarleg ó-sköp að deyja:
 hafna í holum stokki,
 himinninn fúablaut fjöl
 með fáeina kvisti að stjörnum.

Tíundi hluti sama kvæðabálks hefst á hendingunni: „Handan við lífið bíður ekkert, ekkert“ og Njörður P. Njarðvík (1998: xviii) segir að umræðan um kvæðabálk Hannesar hafi á sínum tíma snúist „að mestu um þann boðskap að ekkert líf væri eftir dauðann“ en ekki um þá brýningu skáldsins „að af því að ekkert tekur við eftir dauðann sé þeim mun brýnna að menn kunni að meta lífið og hina hverfulu tilveru, læri að skynja dýrð náttúrunnar og mikilvægi hvers andartaks sem okkur er gefið og náí að sigrast á illsku og hatri“. Ljóst er að Þórbergur lætur þá brýningu lönd og leið og tekur viðspyrnu í hinu: að skáldið afneiti lífi eftir dauðann. Hann segir kvæðið vera „um dauðann, reyndar gamla og margtuggna örvæntingarrunu um viðbjóð þessarar endalyktar“ og segir skáldið reyna „að skaka [viðbjóðnum] upp í bölsýnisvall með því að neita afdráttarlaust, án þess að renna augunum til hægri eða vinstri, að nokkur von sé til um líf hinumegin grafar“ (Þórbergur Þórðarson 1962: 7).

Í ljóði sínu lætur Þórbergur skáldið „sem orti kvæði um dauðann“ vakna upp eftir andlátið, en skáldið getur ekki dáið og „fær ekki umflúið það lögmál lífsins að vakna upp í „öðrum

heimi“⁸. Fyrsta hluta ljóðabálks Þórbergs mætti lýsa sem paródískum og gróteskum útúrsnúningi á ljóði Hannesar. Hann beitir hér því enn sömu aðferð og tæpri hálfri öld fyrr þegar hann yrkir skopkvæði til höfuðs grátljóðum nýrómantísku skáldskapar:

I.

„Undarleg ó-sköp að deyja“
— og geta ekki dáið,
fá ekki að hafna í holum stokki
með hendur niður með síðum,
hendur, sem hnitudu stafi
um Kreml og útslokknun lífsins,
glasi lyftu með Gunnu,
graut, ýsu og lambakjöt báru að munni.

Að fá ekki að liggja með luktar nasir,
liggja með samfallnar nasir,
sem elskuðu mygluungan,
ilm úr flór og stó,
ilman holds og svita.

Að fá ekki að liggja með ónýt augu,
ónýta spegla lífsins,
né una við ormsmognar hlustir,
sem áður fyrr lauguðust
fílharmoníunnar feiknlega gný
og flissi í heillandi skvísun.

Eins og sjá má tekur Þórbergur mið af ljóði Hannesar með aðferðum paródíu og grótesku. Í stað handa „sem sem hreyfðu lokki, hvarm struku“ og báru „brauð, vín, hunang að munni“ sjáum við

8 Þetta minnir á efni skáldsögunnar *Höfundur Íslands* (2001) eftir Hallgrím Helgason þar sem rithöfundur, sem minnir á Halldór Laxness, vaknar upp eftir dauðann í veröld eigin skáldsögu, sem minnir á *Sjálfstætt fólk*. Í ljóðabálki Þórbergs er svipað uppi á teningnum; skáldið deyr — en vaknar ekki upp í holum stokki, eins og í eigin ljóði — heldur í einhverskonar hliðarheimi við þann sem það lifði áður í. Lýsingin minnir einnig á frásögn Þórbergs, í tuttugasta og fyrsta kafla *Bréfs til Láru*, af því þegar hann var ‚myrtur‘.

mann sem skálar við einhverja Gunnu og étur „graut, ýsu og lamba-kjöt“. Þótt færa megi rök fyrir því að viss gróteska sé þegar til staðar í ljóði Hannesar, sem yrkir um rotnandi lík í kistu, er sú gróteska milduð með ljóðrænu sem Þórbergur hafnar í stað þess sem kalla má skoplegt hversdagsraunsaði.

Í öðrum hluta kvæðisins ráfar hið liðna skáld um miðbæ Reykja-víkur, hímir eitt við bord á Hressó og reynir að panta sér kaffi og rjómatertu, án árangurs þar sem hann „[eigrar] um sínar vistarverur ósýnilegur / og af engum manni heyrður“. Í þriðja hluta vafrar hinn framlíðni „um ókunn holt — og þó ekki ókunn“:

sokkinn niður í sælgæti fáfræðinnar:
 ótta við dauðann,
 tilgangsleysi lífsins,
 öngþveiti aldarinnar,
 ógnir stríðsfákanna,
 vonzku Kreml,
 vernd Natós. —

Ef til vill má sjá í þessari upptalningu á „sælgæti fáfræðinnar“ tilvísanir til helstu yrkisefna atómskáldanna (að undanskilinni síðustu línunni).

Í síðustu fjórum hlutum kvæðisins reiðir Þórbergur hátt til höggs þegar hann lætur skáldið hitta fyrir „verndara Vestursins“, ráðherrann „Mister Forestall“ sem tekst „að tigma hann með sér sem hirðskáld þjóðhöfðingja hins „frjálsa heims“ sem þá eru að hleypa af stokkunum marsinum mikla til Kreml“ eins og Þórbergur útskýrir í formálanum. Hér vísar Þórbergur til James Forrestal (1892–1949) (en stafsetur nafn hans rangt) sem var yfirmaður bandaríska sjóhersins á síðustu árum heimstyrjaldarinnar síðari og fyrsti varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, frá 17. september 1947 til 28. mars 1949. Forrestal var þekktur fyrir harða andstöðu sína gegn Sovétríkjunum og andúð á kommúnisma. Eftir að hann lét af embætti varnarmálaráðherra glímdi hann við geðræna erfiðleika og svipti sig lífi — eða var myrtur — í maí 1949.⁹ Skáldið er að vonum undrandi á að hitta fyrir mann þennan og á við hann orðaskipti:

⁹ Um James Forrestal má lesa víða á veraldarvefnum og einnig hafa verið skrifaðar bækur um líf hans og dauða, sjá t.d. Hoopes og Brinkley 1992.

„Mister Forestall!
 Mister Forestall dó fyrir mörgum árum
 og hvíllir í sínum stokk vestan hafs og fjall,
 og handan við stokkinn bíður ekkert, ekkert
 [...]“
 „Þú skilur ekki lífsins lögmál enn:
 Við stöndum báðir hér á sömu strönd, þú og ég,
 því þú ert farinn um þær dimmu dyr,
 sem eg gekk áður fyrr,
 og færð aldrei aftur snúið.
 Þínir sumardalir byrgðu þér útsýn alla.
 Þú aðeins sást til næstu jarðheimsfjalla.“

Marsinn sem Mister Forestall í kvæði Þórbergs er að skipuleggja til Kreml er leiddur af „Der Führer“ sem hefur „dregið saman hundruð kaskra herja / og heldur þeim til Kreml að frelsa álfur. / Við sitjum ekki auðum höndum hér. / Við höldum áfram verkum jarðheimsdaga.“ Þegar skáldið kveður það erfiðan bita að fylgja þeim foringja sem er hinn mesti glæpamaður „sem móðir hefur gotið sér úr kvið“, svarar Mister Forestall:

„Ætti að vera auðveldur þér.
 Þú ortir forðum verðugt kvæði um Kreml
 og knörrinn mikla, er þaðan lét úr vör.
 Þú hlautt fyrir vikið verðlaun ekki smá,
 Því verkið var ort fyrir frelsi þíns föðurlands.“¹⁰

Skáldið streitist þó enn á móti: „Með erkidjöfli gasklefanna geng ég aldrei.“ Þá spilar Mister Forestall út ómótstæðilegu trompi:

„Friðarprísar hvaðanæfa hrynja í pyngju þína
 og hugumgöfgir Svíar skulu gauka að þér Nóbels [...]
 Hér er þúsundala nóta til að hressa í bráð upp hugann.“

Þá lætur skáldið framliðna til leiðast: „Ég lýt yður, hái herra.“ Kvæðinu lýkur á því að „skáld hinnar heilögu austurfarar, / lárviðarskáld hins fagra, frjálsa heims“ marserar með milljónum stríðs-

10 Verðlaunin sem hér er vísað til eru Bókmenntaverðlaun Almenna bókafélagsins sem Hannes hlaut fyrir ljóðabókina 1959.

manna í átt að Kreml þar sem höggva skal „niður hvern bolsa á himni og jörð“.

Hliðstæðir heimar

„Þú skilur ekki lífsins lögmál enn,“ segir Mr. Forestall við skáldið í fjórða hluta kvæðisins, eins og áður er getið, og bendir á að á milli lífs og dauða séu „dimm[ar] dyr“. Í formálanum hnykkir Þórbergur (1962: 6) líka á þeirri skoðun að skáldið fái „ekki umflúið það lögmál lífsins að vakna upp í „öðrum heimi““. Ef marka má kvæðið eru heimarnir tveir hliðstæðir og um síðir tekst Mr. Forestall að leiða skáldinu fyrir sjónir að „þetta sé hvorki dulblekking, deliríum né draumur“ eins og Þórbergur skrifar einnig í formálanum. Í skýringunum aftan við kvæðið skrifar Þórbergur líka:

Líf alls þorra manna eftir dauðann mun vera býsna áþekkt lengi vel og það var hér í heimi, vitsmunirnir eru engu meiri, hugsunarhátturinn samur og framfarir oft mjög hægfara, jafnvel erfiðari en hér. Og ill verk geta menn haldið áfram að fremja þar allt að því í það óendanlega og sokkið dýpra og dýpra. Þar nefna menn ýmsa staði sömu nöfnum og þeir hétu í „gamla landinu“. Þar eiga þeir sína Rómaborg og Aþenu og áreiðanlega öflugt Nató. Og ekkert mælir móti því, að þar eigi fólk sínar verðlaunastofnanir, þar á meðal stofnun, sem það kenni við Nóbél. (Þórbergur Þórðarson 1962: 28)

Í raun og veru má líta á formála Þórbergs og skýringar hans sem hluta af kvæðabálkinum sjálfum því sami andi skops og paródíu er víða á ferðinni í öllum þessum þremur hlutum kversins. Þótt Þórbergur hafi trúað á líf eftir dauðann og að við tæki annar heimur — hann talar um „vor[an] stundlega tækifæraheim“ annars vegar og „eilífdina“ hins vegar (Þórbergur Þórðarson 1962: 7) — þá er engu að síður ljóst að hann beitir skopi við lýsingarnar á „eilífdinni“ í þessu verki sínu, enda vafðist það aldrei fyrir honum að gera grín að sjálfum sér og sínum áhugamálum. Vilji maður kynna sér hugmyndir Þórbergs um lífið eftir líkamsdauðann er vænlegra að leita í ýmis greinaskrif hans en í *Marsinn til Kreml*.¹¹

11 Pétur Pétursson guðfræðingur hefur skrifað allitarlega um þennan þátt í ævi og skrifum Þórbergs. Sjá Pétur Pétursson 2010.

„Þórbergur ræðst á Hannes Pétursson“

Það hefur varla verið notalegt fyrir ungt ljóðskáld að fá slíka sendingu í formi ljóðabálks frá Þórbergi Þórðarsyni og vakti tiltækið að sönnu athygli dagblaða á hægri vængnum en vinstri blöðin þögðu þunnu hljóði. Þann 17. desember 1962 birti *Vísir* frétt um útkomu bókarinnar undir fyrirsögninni: „„Þegar gyðingablóðið spýttist undan hnífnum.“ Þórbergur ræðst á Hannes Pétursson.“ Fyrirsögnin vísar til hendingar úr sjötta hluta *Marsins til Kreml* sem þar er á þýsku: „Wenn das Judenblut von Messer spritzt / dann geht uns nochmals so gut.“ Þórbergur útskýrir aftanmáls að hér sé um að ræða línur „úr Horts-Wesselsöng þýzku nazistanna“ og þýðir þær á íslensku. *Vísir* undrast hina „furðulegu árás Þórbergs“ sem „saki Hannes um að vera samvizkulaust leigubý, sem selji lífsskoðun sína fyrir peninga“ og dregur blaðið þá ályktun að innihald bókarinnar lýsi „betur en flest annað, hvernig hugsunarháttur kommúnista [sé] í raun og veru“ („Þegar gyðingablóðið ...“ 1962: 16).

Tveimur dögum síðar leitar *Morgunblaðið* álitis Hannesar á kvæði Þórbergs og bregst hann við af yfirvegun og segist telja sér það til tekna „að hafa hitt Þórberg Þórðarson í hjartastað með tveimur kvæðum úr bók [sinni] Í sumardölum“. Þá bætir hann við að það sé „ekki oft, sem ljóðskáld nú á dögum fá svo skýlausa sönnun þess, að kvæði þeirra hafa verið lesin“ og það „[kitli] hégómagirnd“ sína „að hafa látið frá [sér] fara kvæði, sem gátu inspirerað jafn lofgróinn höfund og Þórberg, enda þótt Marsinn frá Kreml, hið nýja framlag hans til eilífðarmálanna og heimskommúnismans, hefði mátt betur takast“ („Draugatrú og kommúnismi“ 1962: 2). Hannes slær einnig á léttu strengi:

Þá er það og góð tilbreyting frá daglegu stappi og fjasi að fá, fyrir tilstilli kvæðisins, að skreppa yfir landamærin, eins og það er kallað, flakka þar um í fylgd stórmenna, skygnast um allar gáttir og marsera síðan beinar brautir til Kreml, sem er auðvitað mest um vert fyrir mann eins og mig, sem aldrei hefur verið þátttakandi í neinni menningarsendinefnd austur þangað. *Nú* þekki ég þetta þegar allt saman, þökk sé Þórbergi, og sé því enga ástæðu til að lifa þetta allt upp aftur í framhaldslífinu, enda geri ég ekki ráð fyrir, að mér standi það til boða. („Draugatrú og kommúnismi“ 1962: 2)

Ljóst má vera að ekki var litið á þennan kvæðabálk Þórbergs sem „alvöru“ framlag til bókmennta, engir ritdómar birtust um hann og eins og fyrr var nefnt minntust dagblöð vinstri manna ekki á útkomu kversins. En í ritdómi sem skrifaður var í tilefni af annarri útgáfu *Eddu Þórbergs Þórðarsonar*, þar sem kvæðið er í viðauka, gætir umburðarlyndis gagnvart síðustu skopkvæðum Þórbergs: „Þessi síðari tíma skáldskapur sýnir vel, að Þórbergur Þórðarson var sjálfum sér líkur — og sjálfum sér trúur — til hinztu stundar. Í þessum kvæðum er hann enn sem fyrr hæðinn, beinskeyttur, og hefur lag á að koma lesandanum á óvart“ (VS 1975). Einnig er ljóst að hörðustu vinstrisinnar voru Þórbergi þakklátir fyrir „staðfestuna“, til að mynda hælir Brynjólfur Bjarnason (1973: 174) Þórbergi — í ræðu sem hann hélt á sjötugsafmæli hans — fyrir að láta „múgsefjanir auðvaldsins aldrei villa sér sýn“. Sama ár tileinkar Kristinn E. Andrésson (1973) honum bók sína *Ný augu* „með virðingu og þakklátum huga fyrir skilning á alþjóðasjónarmiðum alþýðustétta-anna og vegna víðsýni, hæfileika og vökullar þrár til að skyggjast í dulardjúp tilverunnar“. Þess má geta að leikgerð hefur verið gerð upp úr kvæðabálknum¹² og í maí 1975 var kvæðið flutt í heild í ríkisútvarpinu.¹³

Enginn vafi leikur á því að viðtökurnar við þessum kveðskap Þórbergs, sem fer reyndar ágætlega á að kenna við „undarleg ósköp“, réðust fyrst og fremst af því hvar viðtakendur staðsettu sig á hinu pólitíska rófi enda forsendur kvæðisins af slíkum rótum sprottunar. Hannes Pétursson greinir frá því í viðtali árið 1999 að „Kalda stríðið í bókmenntum [hafi snert sig] nokkuð sem skáld“. Hann nefnir tvö dæmi, hvort af sínum væng stjórnmálanna:

Þegar Kristinn E. Andrésson gaf út fyrstu bók mína hjá Heimskringlu kom aldrei ritdómur um hana í Morgunblaðinu, skrifaður á þess vegum. Það var víst ekki til síðs hjá þeim ritdómara sem þá var aðalritdómari blaðsins að

12 Höfundar leikgerðarinnar eru Páll Þór Engilbjartsson og Gústaf Gústafsson og er hún skráð í leikritasafni Bandalags íslenskra listamanna. Engar upplýsingar koma fram um það hvort leikgerðin hafi verið flutt. Sjá <http://leiklist.is/leikritasafnid/#/play/371>

13 Flytjendur voru Birna Þórðardóttir og Einar Ólafsson. Sjá dagskrá ríkisútvarpsins 24. maí 1975, t.d. í *Morgunblaðinu* 16. maí 1975.

skrifa um bækur sem komu út hjá forlagi Kristins. Bókinni var vel tekið og blaðstjórn Morgunblaðsins mun hafa þótt einkennilegt að dómur um hana kæmi ekki hjá stærsta blaði landsins og brá á það ráð að endurprenta ritdóm upp úr Stefni, sem var tímarit ungra sjálfstæðismanna. Morgunblaðið gat aldrei rausnast til að láta skrifa um bókina. Árið 1956 birti ég kvæði sem hét *Kreml* og var ádeila á stalínismann. Um leið og kvæðið birtist varð ég allt annað skáld í augum Kristins E. Andréssonar sem áður hafði borið á mig mikið lof. Það var ekki lengur eins mikið í mig varið og allt sem ég gerði áður hafði breytt um lit. Í stuttu máli gerðist það á þessum tíma að flokkspólítík var þvælt saman við alla list og allar bókmenntir. Allt var dregið í einhvers konar dilka, oft á skökkum forsendum. Þetta var vondur tími og leiðinda vélar í gangi. (KB 1999)

„*Hvort mun málið kvæða dautt?*“

Auðvelt er að afgreiða *Marsinn til Kreml* sem lítilsigldan skáldskap og reiðiblandið skop af pólitískum toga. En áhugaverðara er að velta fyrir sér hvort þetta lokakvæði Þórbergs geti gefið okkur innsýn í afstöðu hans til íslenskrar ljóðagerðar eftir ‚sigur formbyltingarinnar‘ í íslenski ljóðagerð. Ljóst er að kvæðið sprettur öðrum þræði af vonbrigðum Þórbergs með framvindu íslenskrar ljóðagerðar eftir miðja tuttugustu öld, hann tjáir þau enn sem fyrr með háði þegar hann hermir eftir orðalagi og myndmáli „nýtízkuskáldskapar“ eða í þeim ‚nýja anda‘ sem „tók að hrífugóla í bókmenntunum“ á tuttugustu öld, eins og hann skrifar á öðrum stað, og hafði þær afleiðingar að menn „lesa minna kvæði en áður. Menn læra færri kvæði en áður. Stuðlar og höfuðstafir taka að glata virðingu sinni. Hreimur bunulækjarins og ilman fífilbrekkunnar eru að deyja út í hjörtunum“ (Þórbergur Þórðarson 1950: 212–213). En vonbrigði Þórbergs varða ekki aðeins upplausn formsins heldur ekki síður hugmyndafræði eins og svo glögglega kemur í ljós í *Marsinum til Kreml*. Frá sjónarhóli Þórbergs virðist forskriftin að nútímalegri ljóðagerð hafa hljóðað upp á að ekki aðeins yrði að yrkja á torræðu táknmáli í formleysu, án hómors og innblásturs, heldur væri einnig allsendis bannað að láta sig dreyma um betra samfélag og líf eftir dauðann.

Það má telja nokkuð kyndugt að skáld á borð við Hannes Pétursson, sem „er í ljóðum sínum aldrei langt frá þjóðlegri hefð“ heldur „leitar sátta milli þjóðlegrar hefðar og módernískra nýjunga, bæði í bragarháttum, yrkisefnum og efnistöfum“ (Hermann Stefánsson 2002), skuli lenda í þeirri stöðu að verða síðasti skotspónn skopkvæða Þórbergs. Hvað varðar fagurfræði er Hannes mjög óverðugur móttakandi þessarar ónotalegu sendingar frá Þórbergi. Í áðurnefndu viðtali segist Hannes hafa leitað „núttímans innra með [sér] án þess að þurfa að fleygja öllum kostum bragarins“ og að hann hafi ekki getað skipað sér í lið með atómskáldunum, hann hafi verið að leita að öðru en þeir:

Atómskáldin litu svo á að það yrði að leggja niður hefðbundinn brag, rétt eins og nútíminn í ljóðagerð fælist í forminu einu saman. Það er ákaflega grunnfærið að ætla svo, því margt af því sem heyrir til nýjungum í ljóðagerð birtist í bundnum háttum. Svo margt í hefðbundnum brag er hægt að nota og menn komast vart hjá því til lengdar að hagnýta sér það í einhverjum mæli. Það sjónarmið að móðernisminn hér á landi fælist í því að allir legðu niður hefðbundinn brag, eins og hann væri ekki lengur til, ristir því grunnt. Menningarpólitíkin var á annan veginn orðin þannig að með því að leggja bráglínuna og rím og stuðlasetningu til hliðar yrði ljóð nokkurn veginn sjálfkrafa að nútímaskáldskap. Þetta var barnalegt sjónarmið. (KB 1999: 28)

Í þessu máli virðist sjónarmið Hannesar vera náskyld þeim sjónarmiðum sem Þórbergur setur fram í „Bréfi til Kristins“. Enda finnur Þórbergur, þegar hann byrjar að yrkja *Marsinn til Kremli*, að kvæðinu henti ekki „atómstillinn“ eins og fyrr var nefnt; að „gamla formið“ henti því betur. Það má því sjá að atlaga Þórbergs að Hannesi er miklu fremur pólitísk og hugmyndafræðileg en fagurfræðileg. Þá má minna á að annað og yngra skáld hefur einnig snúið út úr ljóðlist Hannesar, reyndar skáld sem líka hefur leitast við að tengja þjóðlega hefð og nútímann í beittum ádeilukvæðum. Í ljóði sínu „Heimspekilegar vangaveltur um þjóðfélagsstöðu“ yrkir Megas: „Gulir eru straumar þínir / hland mitt í skálinni“ (Megas 2012: 157) sem enduróma fræga ljóðlínu Hannesar: „Bláir eru dalir þínir / byggð mín í norðrinu“ (Hannes Pétursson 1955). Í ljóðinu „Inn í framtíðina“ yrkir Megas ennfremur:

Hvort mun málið kvæða dautt?
 kulnuð glóð? þornuð æð?
 óðinskeyta í óðarsess
 með ýtum?
 bülverksdrukknum burtuskvett?
 Bragi í kör? stakan öll? (Megas 2012: 18)

Þær spurningar sem Megas setur fram í þessu kvæðabroti brunnu áreiðanlega á Þórbergi og öðrum þeim sem áttu erfitt með að skilja formbyltinguna í íslenskri ljóðagerð. Og ég tel að með því að rýna í skopkvæði Þórbergs megi greina merkilegan þráð í íslenskri bókmenntasögu sem og ákveðinn harmsögulegan þráð í hans eigin persónulegu sögu. Það er staðreynd, sem getið var hér í upphafi, að þrátt fyrir einlægan áhuga á ljóðlist tókst Þórbergi ekki að tengja sig við framvindu þeirrar listar eins og hún þróaðist á Íslandi um hans daga. Ástæða þess er tvíþætt eins og fram hefur komið, fagurfræðileg og hugmyndafræðileg. Og að einhverju leyti voru áhyggjur andstæðinga formbyltingarinnar réttmætar. Því verður varla á móti mælt að þegar „rökfesta hins hefðbundna ljóðforms virtist gliðna í frjálsum hugrenningatengslum en hljómur orðanna, litir og form urðu merkingarbærari en áður“, eins og það er orðað í *Íslenskri bókmenntasögu* (Guðmundur Andri Thorsson 2006: 12), tók samband íslenskra lesanda við íslenska ljóðlist einnig mjög að gliðna þegar líða tók á öldina. Tími þjóð/ljóðskáldanna leið undir lok og lesendur hölluðu sér að skáldsögunni sem varð ráðandi í bókmenntaneyslu almennings. Í íslenskri bókmenntasögu er litið á þau átök og umbrot sem urðu í íslenskri ljóðagerð upp úr miðri tuttugustu öld sem ótvírætt framfaraskref þar sem breytinga var þörf til að hleypa nýju lífslofti í staðnaða hefð, og skal því ekki á móti mælt. En fáir spyrja um fórnarkostnað. Skiptir það máli að sigur „atómskáldskaparins“ yfir hinu „hefðbundna ljóðformi“ hafði í för með sér þverrandi lestur ljóða? Svo þverrandi að undir lok aldarinnar bar æ meira á umræðu um „daða ljóðsins“. Reyndar gerðist það sem yfirleitt gerist þegar sterk andstaða við „það gamla“ kemur fram, að þegar tímar liðu fram hurfu mörg ljóðskáld frá hinu uppleysta formi og hinum torræðu myndljóðum atómskáldanna og

reyndu að sætta hefð og nýjungar — hafa sum þeirra hlotið nafngiftina „brúarsmiðir“ (Silja Aðalsteinsdóttir 2006: 94 o.áfr.). Um leið og yngri skáld nýttu sér marga formeiginleika hefðarinnar, svo sem stuðla og jafnvel rím, urðu ljóðin aftur vettvangur hugmyndafræðilega rannsókna; til að mynda segir Guðmundur Andri Thorsson (2006: 14) að skáld af 68-kynslóðinni hafi notað „ljóðið eins og hálfgerða rannsóknarstofu fyrir hugmyndir og orðaleiki. Bæta má við að húmor og innblástur fundu sér aftur leið inn í íslensk ljóð strax á sjöunda áratugnum og lifa þar góðu lífi enn í dag. Jafnvel virðist leyfilegt að láta sig dreyma um betra samfélag. Hvað varðar spurningar um líf eftir dauðann þá sækja þær enn á fólk nú á dögum þótt spíritisminn hafi þurft undan að láta frá því á dögum Þórbergs. Það kann því að vera að vonbrigði Þórbergs með framvinduna á síðustu áratugum liðinnar aldar og fyrstu árum nýrrar aldar hafi mildast, hafi hann skyggst yfir sviðið frá astralplaninu.

Heimildir

- Alexander Jóhannesson. 1920. „Nýjar listastefnur.“ *Óðinn* 16 (1–6): 41–46.
- Benedikt Hjartarson. 2005. „„Prir – prir – prir – prir – Reykjavík!“ Þórbergur Þórðarson og þúki fútúrismans.“ *Heimur ljóðsins*. Ritstj. Ástráður Eysteinson, Dagný Kristjánsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson, 50–65. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Benedikt Hjartarson. 2010. „Þjóðlausar tungur: Tilraun um Þórberg, evrópska framúrstefnu og esperantisma.“ „*ad skilja undraljós*.“ *Greinar um Þórberg Þórðarson, verk hans og hugðarefni*. Ritstj. Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Hjalti Snær Ægisson, 109–133. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Brynjólfur Bjarnason. 1973. „Barátta þessa heims er eilífðarmál.“ *Með storminn í fangið*, II, 173–175. Reykjavík: Mál og menning.
- Dagskrá ríkisútvarpsins. 24. maí 1975. *Morgunblaðið*, 16. maí.
- „Draugatrú og kommúnismi.“ 1962. [Viðtal við Hannes Pétursson]. *Morgunblaðið*, 19. desember.
- Eysteinn Þorvaldsson. 1980. *Atómskáldin: Aðdragandi og upphaf módernisma í íslenskri ljóðagerð*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Finnur N. Karlsson. 1991. „Þórbergur og dada.“ *Glettingur* 1 (1): 18–25.
- Guðmundur Andri Thorsson. 2006. „Inngangur.“ *Íslensk bókmenntasaga*, V. Ritstj. Guðmundur Andri Thorsson, 11–16. Reykjavík: Mál og menning.

- Halldór Laxness. 1949. „Á afmælisdag Þórberg.“ *Þjóðviljinn* 12. mars. Endurprentað 1963 í *Reisubókarkorn* (2. útg.). Reykjavík: Helgafell.
- Halldór Laxness. 1955. „Skáldskaparhugleiðingar.“ *Dagur í senn: Ræða og rit*. Reykjavík: Helgafell.
- Hannes Pétursson. 1955. *Kvæðabók*. Reykjavík: Heimskringla.
- Hannes Pétursson. 1959. *Í sumardöllum*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Hannes Pétursson. 1977. *Kvæðasafn 1951–1976*. Reykjavík: Iðunn.
- Hannes Pétursson. 1998. *Ljóðasafn*. Reykjavík: Iðunn.
- Helgi Sæmundsson. 1959. „Meistari Þórbergur sjötugur.“ *Alþýðublaðið*, 12. mars.
- Hermann Stefánsson. 2002. „Til landnáms hið innra: Um skáldskap Hannesar Péturssonar.“ *Bókmenntavefur Borgarbókasafnsins*. Sótt 2. mars 2016 á http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066_read-18677/RSkra-67
- Hoopes, T. and D. Brinkley. 1992. *Driven Patriot: The Life and Times of James Forrestal*. Annapolis: Naval Institute Press.
- K[olbrún] B[ergþórsdóttir]. 1999. „Ég er ekki þjóðskáld.“ [Viðtal við Hannes Pétursson]. *Dagur*, 1. apríl (Blað 2).
- Kristinn E. Andrússon. 1973. *Ný augu: Tímar Fjölsmanna*. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Megas. 2012. *Megas: Textar 1966–2011*. Reykjavík: JPV-útgáfa.
- Njörður P. Njarðvík. 1998. „Ferðin heim: Um ljóð Hannesar Péturssonar.“ Hannes Pétursson, *Ljóðasafn*, xiv–xv. Reykjavík: Iðunn.
- Páll Þór Engilbjartsson og Gústaf Gústafsson. e.d. *Marsinn til Kremli eftir Þórberg Þórðarson*. [Leikgerð]. Leiklistarvefurinn: <http://leiklist.is/leikritasafnid/#/play/371>
- Pétur Pétursson. 2010. „Fæðing höfundar: Guðspekin og Bréf til Láru eftir Þórberg Þórðarson.“ *ad skilja undraljós: Greinar um Þórberg Þórðarson, verk hans og hugðarefni*. Ritstj. Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Hjalti Snær Ægisson, 165–187. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Sigurður Þór Guðjónsson 1969. „Spámaður og sannleikspostuli.“ *Tíminn Sunnudagsblað*, 6. júlí.
- Silja Aðalsteinsdóttir. 2006. „Formbylting og módernismi.“ *Íslensk bókmenntasaga*, V. Ritstj. Guðmundur Andri Thorsson, 19–173. Reykjavík: Mál og menning.
- Soffía Auður Birgisdóttir. 2015. *Ég skapa — þess vegna er ég: Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*. Reykjavík: Opna.
- V[algeir] S[igurðsson]. 1975. „Ljóðagerð stilsnillings.“ [Ritdómur um *Eddu Þórbergs Þórðarsonar*, 2. útg.]. *Tíminn*, 7. júní.
- „Þegar gyðingablóðið spýttist undan hnífnum.“ Þórbergur ræðst á Hannes Pétursson. 1962. *Vísir*, 17. desember.
- Þórbergur Þórðarson. 1917. Lbs 6 NF. Skjalasafn. Dagbók 24. mars til 15. maí.
- Þórbergur Þórðarson. 1922. *Hvítir brafnar*. Reykjavík: Höfundur.
- Þórbergur Þórðarson. 1938. *Íslenzkur aðall*. Reykjavík: Bókaútgáfa Heimskringlu.
- Þórbergur Þórðarson. 1950. „Bréf til Kristins.“ [Inngangur að *Bréfi til Láru*, 4. útg.]. Reykjavík: Mál og menning.

Þórbergur Þórðarson. 1954. „Bréf til Ragnars.“ *Afmæliskevðja til Ragnars Jónssonar 7. febrúar 1954*. Reykjavík. [Birtist einnig í tímaritinu *Helgafelli*, 1. hefti 1955].

Þórbergur Þórðarson. 1962. *Marsinn til Kremli*. Reykjavík: Helgafell.

Þórbergur Þórðarson. 1975. *Edda Þórbergs Þórðarsonar* (2. útg.). Reykjavík: Mál og menning.

Þórbergur Þórðarson. 2010. *Meistarar og lærisveinar*. Reykjavík: Mál og menning.